

# Kjarasamningur

milli

Steinullar hf. á Sauðárkróki og hlutaðeigandi verkalyðsfélaga.

1.gr.

Kjarasamningur þessi er framlenging á fyrri samningi aðila sem gildi frá 2019-2022 (í samræmi við „Lífskjarasamning 2019-2022“). Skal gildistími þessa samnings vera frá 1. janúar 2023 til 31. Mars 2024. Heildarkjarasamningur milli aðila sem undirritaður var í ágúst 2015, er enn í fullu gildi, þar sem seinni samningar hafa ekki breytt ákvæðum hans.

2.gr.

Launahækkun samningsins er í formi krónutöluhækkunar á mánaðarlaun, þ.e. umsamin krónutöluhækkun á byrjunarlaun 12. launaflokks og síðan sömu hlutfallshækkunir á aðra launaflokka, eins og miðað var við í fyrri samningi. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir fullt starf í dagvinnu.

3.gr.

## Almenn hækkun mánaðarlauna fyrir fullt starf:

Þann 1. janúar 2023 hækka mánaðarlaun í 12. launaflokki – byrjunarlaun um 36.023,-, aðrir launaflokkar hækka í samræmi við hlutfallshækkun fyrri samnings. Með þessari hækkun er jafnað við 6. launaflokk í kauptöxtum þeim sem eru fylgiskjal með kjarasamningi SGS og SA.

## Kauptaxtar:

Kauptaxtar kjarasamnings þessa hækka þann 1. janúar 2023, sbr. Fylgiskjal nr. 1 með samningi þessum.

## Kjaratengdir liðir:

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,0% frá 1. janúar 2023.

4.gr.

Með hækkun mánaðarlauna, sbr. 3. gr. hér að ofan hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma áttí til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Þó eru samningsaðilar ásáttir á að greidd verði eingreiðsla að upphæð 2 x 12.000,- fyrir fullt starf á tímabilinu nóv.-des. 2022, til að ná samræmi við kjarasamningsbætur í samningi SGS og SA. Samkomulag er um að með þessari hækkun, flytingu og eingreiðslu komi ekki til frekari endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

5.gr.

Samningsaðilar eru sammála um breytingu á grein 1.10 Bakvaktir vélvirkja og rafvirkja, 1. lið, a. b. og c. – þannig að bakvaktatími vélvirkja og rafvirkja hefjist tveimur klst. fyrir upphaf framleiðslutíma, í stað þess að hefjast við upphaf framleiðslutíma.

6.gr.

Í fylgiskjali nr. 2 er bókun um breytingar á vaktafyrirkomulagi þar sem opnað er fyrir það að vinnufyrirkomulag geti verið með fleiri en 2 eða 3 vaktahópum, sbr. grein 2.01 í heildarkjarasamningi aðila, frá ágúst 2015.

7.gr.

Í fylgiskjali nr. 3 er bókun um viðræðuáætlun fyrir gerð nýs kjarasamning sem tekur við að loknum gildistíma þessa samnings. Viðræður aðila skulu hefjast 3-4 mánuðum fyrir lok samningstímans.

Sauðárkróki 31. janúar 2023

Ingolfur Jon-Laciusson

F.h. Aldan stéttarfélag

Þórunn J. Guemir

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

Stefn H. Hestursson

F.h. Iðnsveinafélags Skagafjarðar

Þorgeir L. Sveinsson

F.h. Steinullar hf.

Stefán L. Haraldsson

F.h. Verslunarmannafélags Skagafjarðar

Elfríður Jónsdóttir

Skt.  
dy  
st



## Launatafla

Samkvæmt kjarasamningi sem gildir frá 1.janúar 2023.

Gildir frá: 1/1/2023

| Launaflokkur           |              |                                                            |          |           | Hlutfall<br>á milli þrepa<br>m.v. byrj.fl. | Hækkun<br>í krónum |
|------------------------|--------------|------------------------------------------------------------|----------|-----------|--------------------------------------------|--------------------|
| Þrep                   | Árafjöldi    | Mánaðarlaun                                                | Dagvinna | Yfirvinna |                                            |                    |
| <b>12.Launaflokkur</b> |              | <b>Lager, þökkun, helgargæsla</b>                          |          |           |                                            |                    |
| 1                      | Byrj.laun    | 406,914.00                                                 | 2,347.63 | 4,476.09  |                                            | 36,023.04          |
| 2                      | eftir 1. ár  | 421,746.02                                                 | 2,433.20 | 4,639.24  | 3.645                                      | 37,335.51          |
| 3                      | eftir 2. ár  | 433,611.63                                                 | 2,501.65 | 4,769.77  | 6.561                                      | 38,385.48          |
| 4                      | eftir 4. ár  | 445,477.24                                                 | 2,570.11 | 4,900.29  | 9.477                                      | 39,435.46          |
| 5                      | eftir 7. ár  | 454,376.45                                                 | 2,621.45 | 4,998.18  | 11.664                                     | 40,222.94          |
| 6                      | eftir 10. ár | 463,279.73                                                 | 2,672.82 | 5,096.12  | 13.852                                     | 41,014.49          |
| <b>13.Launaflokkur</b> |              | <b>Lager, lína, endurvinnsla, hráefni</b>                  |          |           |                                            |                    |
| 1                      | Byrj.laun    | 430,885.30                                                 | 2,485.92 | 4,739.78  | 5.891                                      | 38,146.75          |
| 2                      | eftir 1. ár  | 446,918.55                                                 | 2,578.43 | 4,916.14  | 3.721                                      | 39,568.07          |
| 3                      | eftir 2. ár  | 459,741.69                                                 | 2,652.41 | 5,057.20  | 6.697                                      | 40,701.67          |
| 4                      | eftir 4. ár  | 472,564.84                                                 | 2,726.39 | 5,198.26  | 9.673                                      | 41,835.28          |
| 5                      | eftir 7. ár  | 482,186.51                                                 | 2,781.90 | 5,304.10  | 11.906                                     | 42,689.79          |
| 6                      | eftir 10. ár | 491,803.87                                                 | 2,837.38 | 5,409.89  | 14.138                                     | 43,540.00          |
| <b>14.Launaflokkur</b> |              | <b>Mötuneyti, ræsting, rannsóknarstofa, stjórnherbergi</b> |          |           |                                            |                    |
| 1                      | Byrj.laun    | 449,482.31                                                 | 2,593.22 | 4,944.35  | 4.316                                      | 39,793.92          |
| 2                      | eftir 1. ár  | 466,441.28                                                 | 2,691.06 | 5,130.90  | 3.773                                      | 41,293.47          |
| 3                      | eftir 2. ár  | 480,011.15                                                 | 2,769.35 | 5,280.17  | 6.792                                      | 42,495.80          |
| 4                      | eftir 4. ár  | 493,581.02                                                 | 2,847.64 | 5,429.44  | 9.811                                      | 43,698.14          |
| 5                      | eftir 7. ár  | 503,757.30                                                 | 2,906.35 | 5,541.38  | 12.075                                     | 44,598.77          |
| 6                      | eftir 10. ár | 513,933.58                                                 | 2,965.06 | 5,653.32  | 14.339                                     | 45,499.40          |
| <b>15.Launaflokkur</b> |              | <b>Viðmiðunartaxti</b>                                     |          |           |                                            |                    |
| 1                      | Byrj.laun    | 492,088.74                                                 | 2,839.03 | 5,413.02  | 9.479                                      | 43,566.29          |
| 2                      | eftir 1. ár  | 511,181.79                                                 | 2,949.18 | 5,623.05  | 3.880                                      | 45,258.22          |
| 3                      | eftir 2. ár  | 526,451.30                                                 | 3,037.28 | 5,791.01  | 6.983                                      | 46,606.83          |
| 4                      | eftir 4. ár  | 541,725.73                                                 | 3,125.40 | 5,959.03  | 10.087                                     | 47,960.36          |
| 5                      | eftir 7. ár  | 553,181.56                                                 | 3,191.49 | 6,085.05  | 12.415                                     | 48,975.52          |
| 6                      | eftir 10. ár | 564,637.39                                                 | 3,257.59 | 6,211.06  | 14.743                                     | 49,990.67          |

Kaupauki, vantar á vakt: 0,25 klst. 2,347.63 587

Útreikningur bæjarferða: 0,2 klst. 4,476.09 895  
6 km. 110.00 660  
**Bæjarferð 1,555**

Orlofs- & desemberuppbót 80 klst. 3,037.28 242,982



## Launatafla

Gildir frá: 1/1/2023

| Launaflokkur           |              |                                         |          |           | Hlutfall<br>á milli þrepa<br>m.v. byrj.fl. | Hækkun<br>í krónum |
|------------------------|--------------|-----------------------------------------|----------|-----------|--------------------------------------------|--------------------|
| Þrep                   | Árafjöldi    | Mánaðarlaun                             | Dagvinna | Yfirvinna |                                            |                    |
| <b>16.Launaflokkur</b> |              | <b>Viðhaldsdeid, lærðir</b>             |          |           |                                            |                    |
| 1                      | Byrj.laun    | 539,127.50                              | 3,110.41 | 5,930.45  | 9.559                                      | 47,728.69          |
| 2                      | eftir 1. ár  | 560,568.61                              | 3,234.11 | 6,166.31  | 3.977                                      | 49,624.86          |
| 3                      | eftir 2. ár  | 577,723.64                              | 3,333.09 | 6,355.01  | 7.159                                      | 51,143.94          |
| 4                      | eftir 4. ár  | 594,878.68                              | 3,432.06 | 6,543.72  | 10.341                                     | 52,663.02          |
| 5                      | eftir 7. ár  | 607,747.65                              | 3,506.30 | 6,685.28  | 12.728                                     | 53,805.03          |
| 6                      | eftir 10. ár | 620,611.24                              | 3,580.52 | 6,826.78  | 15.114                                     | 54,941.66          |
| <b>17.Launaflokkur</b> |              | <b>Yfir véla- og rafmagnsverkstæði.</b> |          |           |                                            |                    |
| 1                      | Byrj.laun    | 556,282.54                              | 3,209.38 | 6,119.16  | 3.182                                      | 49,247.78          |
| 2                      | eftir 1. ár  | 578,583.91                              | 3,338.05 | 6,364.48  | 4.009                                      | 51,222.41          |
| 3                      | eftir 2. ár  | 596,423.89                              | 3,440.97 | 6,560.72  | 7.216                                      | 52,801.00          |
| 4                      | eftir 4. ár  | 614,263.87                              | 3,543.90 | 6,756.96  | 10.423                                     | 54,379.59          |
| 5                      | eftir 7. ár  | 627,648.03                              | 3,621.12 | 6,904.19  | 12.829                                     | 55,567.71          |
| 6                      | eftir 10. ár | 641,026.62                              | 3,698.30 | 7,051.35  | 15.234                                     | 56,750.26          |
| <b>15.Launaflokkur</b> |              | <b>Vaktstjórar</b>                      |          |           |                                            |                    |
| 1                      | Byrj.laun    | 478,310.26                              | 2,759.54 | 5,261.46  | 0.972                                      | 42,528.92          |
| 2                      | eftir 1. ár  | 496,710.85                              | 2,865.69 | 5,463.86  | 3.847                                      | 44,165.44          |
| 3                      | eftir 2. ár  | 511,428.46                              | 2,950.61 | 5,625.76  | 6.924                                      | 45,471.79          |
| 4                      | eftir 4. ár  | 526,150.85                              | 3,035.54 | 5,787.71  | 10.002                                     | 46,782.93          |
| 5                      | eftir 7. ár  | 537,190.25                              | 3,099.23 | 5,909.14  | 12.310                                     | 47,763.89          |
| 6                      | eftir 10. ár | 548,229.65                              | 3,162.92 | 6,030.58  | 14.618                                     | 48,744.85          |

SH.  
106  
BBS.

Lyft.



## Bókun

### Um breytingar á vaktafyrirkomulagi í Steinull

Mikil eftirspurn hefur verið eftir framleiðsluvörum fyrirtækisins undanfarin ár og stefnir í að svo verði áfram, bæði á innanlandsmarkaði og eins á útflutningsmörkuðum fyrirtækisins. Afkastageta verksmiðjunnar er nú að fullu nýtt miðað við 3ja vakta kerfi og umframeftirspurn er einungis hægt að anna með aukavöktum um helgar, eins og verið hefur raunin undanfarin ár.

Í heildarkjarasamningi samningsaðila (frá ágúst 2015) eru í kafla 2 skilgreiningar á tvenns konar framleiðslufyrirkomulagi í verksmiðjunni, sbr. grein 2.01 og eins er um breytingar á vinnutíma fyrirkomulagi, sbr. grein 2.08, gert ráð fyrir að breytingar skuli tilkynna með a.m.k. þriggja mánað fyrirvara, ef nauðsynlegt reynist af rekstrarástandum að breyta fyrirkomulagi vinnutíma.

Samningsaðilar eru sammál um að tímabært sé orðið að ræða breytingar á vaktafyrirkomulagi þannig að útfærslur á fleiri vaktahópum (t.d. 4 vakthópum) verði skoðuð og þær útfærslur lagðar fyrir starfsmenn, ef af verður. Viðkomandi greinum í kafla 2 yrði þá breytt í samræmi við þá útfærslu sem samkomulag náðist um.

SS  
G  
BS.  
1/6

Satt.  
SK

## Bókun

### Viðræðuáætlun - vegna endurnýjunar kjarasamnings aðila, frá 01. apríl 2024

Aldan stéttarfélag, lðnsveinafélag Skagafjarðar, Rafiðnaðarsamband Íslands og Verslunarmannafélag Skagafjarðar, annars vegar og Steinull hf., hins vegar, gera með sér eftirfarandi samkomulag um viðræðuáætlun fyrir nýjan kjarasamning sem taki gildi frá og með 01. apríl 2024.

#### Samningsmarkmið

- Með framlengingu „Lífskjarasamningsins“ til 31. mars 2024 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað.
- Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um nýjan kjarasamning 3-4 mánuðum fyrir lok núverandi samningstíma.

#### Samningslengd

- Nýr samningur verði langtímasamningur með gildistíma frá 01. apríl 2024, enda náist viðtæk samstaða um þannig samninga á vinnumarkaðnum.

#### Samningsforsendur

- Nýr samningur feli í sér sambærilegar kjarabætur til allra starfsmanna fyrirtækisins.
- Nýjum samningi er ætlað að tryggja að meðallaun starfa í fyrirtækinu séu í góðu samræmi við laun fyrir sambærileg störf á landsvísu.
- Launahækkanir samningsins verði á sömu nótum og aðrir samningar aðila vinnumarkaðarins kveði á um.
- Yfirfarið verði allt orðalag á núverandi heildarkjarasamningi aðila (frá ágúst 2015) í tilgreindum köflum og fylgiskjölum.
- Nýr heildarkjarasamningur verði útbúinn og undirritaður, þar sem umsamdar breytingar verði uppfærðar.

#### Samningsumboð og staðsetning funda

- Samninganefnd skipa fulltrúar sem fara með samningsumboð fyrir hönd starfsmanna og stéttarfélaganna, annars vegar og framkvæmdastjóri Steinullar með samningsumboð fyrir hönd fyrirtækisins.
- Samningsaðilar eru sammála um að viðræður og samningafundir fari fram á skrifstofu framkvæmdastjóra Steinullar hf.

106  
KS  
LJ  
BJS

Sott.  
SH.